

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

8. janúar 2026
UOS2501594/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. október 2025 – ID 66

Þann 17. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Samherji fiskeldi ehf. Stað í Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Seiðalögn uppfyllir ekki kröfur í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, 2. Tl. 9. Gr. Enn á eftir að framlengja seiðaeldislögn út fyrir brimvarnargarðinn. Umhverfis- og orkustofnun barst bréf vegna úrbótaáætlunar 22. ágúst 2024, þar sem rekstraraðili óskaði eftir fresti vegna yfirvofandi óvissuástands á Reykjanesi. Það var samþykkt með þeim skilyrðum að rekstraraðili myndi mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni í frárennsli tvisvar á ári í hámarks og lágmarkslífmassa sbr. grein 4.3 í starfsleyfi.

Fjögur frávík komu fram er varða:

1. Gr. 41 í reglugerð nr. 884/2017. Afgreiðsluplan við neyslugeyma skal vera tengt við olíuskilju.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 4. desember 2025, frávíkinu er lokað.
3. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 4. desember 2025, frávíkinu er lokað.
4. Gr. 2.9 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda. Skírteini sem lagt var fram er ekki fullnægjandi þar sem fleiri en ein starfsstöð er tilgreind á skírteininu.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits